

Skútustáðahreppur
b/t Atli Steinn Sveinbjörnsson
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 15. febrúar 2021
UST202101-308/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 og nýtt deiliskipulag – Einbúavirkjun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 og nýju deiliskipulagi fyrir Einbúavirkjun.

Í greinargerð kemur fram að áformað er að byggja 9,8 MW vatnsaflsvirkjun í Skjálfandafljóti, þ.e. Einbúavirkjun, í landi Kálfaborgarar og Einbúa í Bárðardal. Skipulagsbreytingin gengur út á að hluti af skipulagssvæðinu verði breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðar- og athafnasvæði.

Auk þess kemur fram að deiliskipulagstillagan gengur út á að reistur verði steypdur þröskuldur þvert yfir Skjálfandafljót og vatni veitt úr Skjálfandafljóti um 1,3 km langan aðrennslisskurð að stöðvarinntaki. Stöðvarhús verður reist skammt neðan við inntakið og þaðan verður frárennslí veitt út í Skjálfandafljót á móts við bæinn Einbúa, um 800 m neðan við ármótin við Kálfaborgarar. Einnig kemur fram að grunnflötur stöðvarhúss skal að hámarki vera 400 m² og hámarkshæð 13 m yfir gólfi aðkomuhæðar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar dags. 26. september 2018 og á frummatsskýrslu hennar dags. 20. september 2019. Allar umsagnir stofnunarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar www.ust.is.

Valkostagreining aðalskipulagsbreytingar

Í greinargerð kemur fram að markmiðið með Einbúavirkjun er að framleiða raforku, sem nýtt verði á Norðurlandi, og stuðla að arðbærri framleiðslu rafmagns sem leitt geti til áframhaldandi vaxtar og uppbyggingar atvinnulífs.

Hér er verið að skilgreina iðnaðarsvæði fyrir raforkuframleiðslu, þar sem rafmagnið fer inn á sameiginlegt dreifikerfi, sem nýtt verður á Norðurlandi. Þar sem gert er ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi telur Umhverfisstofnun mikilvægt að horft sé á heildarmyndina, við valkostagreiningu verkefnisins að hún sé borin saman við aðra

raunhæfa valkosti, m.a. þar sem iðnaðarsvæði hafa þegar verið skilgreind til orkuframleiðslu.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að markmið aðalskipulags sveitarfélagsins er að ná fram betri lífsgæðum í sveitarfélaginu og betri nýtingu landsins gæða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í greinargerð er lagt fram huglægt mat þar sem kemur fram að tillagan muni hafa jákvæð efnahagsleg og samfélagsleg áhrif. Hins vegar eru lagðir fram mælanlegir þættir þar sem segir að tillagan muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti, landslag og ásýnd.

Í skipulagsreglugerð er sjálfbær þróun skilgreind sem „*þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunn-gæða jarðar.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig tillagan samrýmist markmiðum sveitarfélagsins og markmiðum um sjálfbæra þróun.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu eru náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd, svo sem nútímahraun.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem skipulagsbreytingin nær til, kallast Bárðardalshraun sem er forsögulegt hraun og fellur hraunið undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess eru merktar inn á skipulagsupprátt hraunstrýtur og hraunkargar.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin muni líklega hafa neikvæð áhrif á náttúruminjar og auk þess segir að við framkvæmdir skuli, eftir því sem kostur er, varðveita þær náttúruminjar.

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreind skilyrði eru ekki í samræmi við ákvæði laganna, en skv. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að forðast skuli röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til, og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan muni líklega raska hrauninu þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, fjalla um hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og

3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Haugsetning og landmótun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um eftirfarandi með skýrari hætti í greinargerð tillögunnar; uppgröft úr skurðun, breidd skurða á yfirborði, haugsetningu og landmótun. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vandað sé til verka við landmótun og gerð krafa um metnaðarfulla vinnu, þar sem verið sé að vinna í og við tiltölulega sléttan og óraskaðan dalbotn. Að mat Umhverfisstofnunar mun ásýnd vegna landmótunar vera neikvæð miðað við „skýringarmynd – snið“ sem sýnd er á uppdrætti.

Umhverfisstofnun telur merkingar fyrir landmótun á uppdrætti deiliskipulagsins óskýrar og bendir stofnunin á mikilvægi þess að merkingar séu skýrari.

Aðrennsli

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í umsögn stofnunarinnar til Skipulagsstofnunar vegna frummatsskýrslu verkefnisins segir: „*Umhverfisstofnun telur ekki nægilega fjallað um þann möguleika að hafa aðrennsli í pípu. Má gera ráð fyrir að slík útfærsla myndi hafa töluvert minni umhverfisáhrif í för með sér en að hafa opin 1,1 km langan, 8 m breiðan skurð með tveggja metra öryggisgirðingu við báðar hliðar. Umhverfisstofnun telur það ekki óeðlilegar kröfur að rökstutt sé betur hvers vegna aðrennsli virkjunarinnar geti ekki verið í lokaðri pípu. Stofnunin telur að ekki sé hægt að útiloka valkost sem má áætla að hafi minni umhverfisáhrif án umfjöllunar eða rökstuðnings þar sem einungis arðsemi framkvæmdar er höfð að leiðarljósi.*“

Í álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar dags. 31. júlí 2020 kemur fram að þann 28. apríl óskaði Skipulagsstofnun eftir álitum Verkfræðistofunnar EFLU á verkefninu og í heildarniðurstöðu stofnunar kemur fram „*að aðrar lausnir með hliðsjón af kostnaði og umhverfislegum áhrifum séu til staðar sem uppfylla tæknilegar og rekstrarlegar kröfur*“. Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að framkvæmdaraðili sé ósammála þeirri niðurstöðu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um þann möguleika í tillögunni að hafa aðrennsli í niðurgrafinni pípu alla leið. Stofnunin telur að sú aðferð sé líkleg til að draga talsvert út neikvæðum áhrifum framkvæmdar á vistgerðir, ásýnd svæðisins og jafnvel hljóðvist.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð, þar sem fjallað er um umhverfisviðmið, segir: „*Tryggja skal varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.*“

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og víðikjarrvist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að jaðrakan, stelkur, lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um vistgerðir og fuglalíf í tillögunni og hver áhrif framkvæmdarinnar verði á vistgerðirnar og búsvæði fuglanna og fjallað sé um hvaða mótvægisáðgerðir verður farið í ef tillagan gerir ráð fyrir raski á vistgerðum með hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árosavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna er unnin vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun, en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Í vatnaáætlun eru sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi.

Fyrirhugað áhrifsvæði framkvæmdar, sem hér um ræðir, er Skjálfandafljót, en það hefur vatnshlotsnúmerið 102-1770-R undir stjórn vatnamála og Kálfaborgará sem hefur vatnshlotsnúmerið 102-1636-R. Umhverfisstofnun bendir á að virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti, en slíkar breytingar geta valdið álagi á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skilgreindir eru þeir gæðapættir sem skal nota við mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota. Viðmiðunarmörk flestra þessara gæðapátta hafa verið skilgreindir fyrir straum- og stöðuvötn í skýrslunni: „*Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi*“.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerð sé vöktunaráætlun, bæði til að meta grunnástand vatnshlotsins og það ástand sem verður við breytingu þess (tilkomu virkjunar).

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur